

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 þús. kr. nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1977. Jafnframt falla þá úr gildi 2. og 3. málsliður 1. mgr. og öll 2. mgr. 7. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Ákvæði í 16. gr. g. 1. málsg. og í 18. gr. 2. málsg. skulu ekki skerða bótarétt í forföllum vegna barnsburðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. greinar skal gilda frá gildistöku laga nr. 56 1975.

Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.